

Föstudaginn 14. febrúar 1997.

Nr. 61/1997.

Saurbæjarhreppur

(Ásgeir Þór Árnason hrl.)

gegn

Stofnlánadeild landbúnaðarins

(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Kærumál. Útivist. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 28. janúar 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálsgögnum 10. febrúar sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Vesturlands 16. janúar 1997, þar sem fallist var á kröfu varnaraðila um, að hrundið yrði ákvörðun sýslumannsins í Búðardal 11. nóvember 1996 um að vísa frá þinglýsingu afsali varnaraðila 1. október sama árs til Afurðastöðvarinnar hf. og Kaupfélags Króksfjarðar fyrir eigninni Eyrarlandi, sem mun vera frystihús og sláturhús í landi Efri-Brunnár í Saurbæjarhreppi. Um kæruheimild vísar sóknaraðili til 5. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1992. Hann krefst þess, að fyrrgreind ákvörðun sýslumanns verði staðfest og varnaraðila gert að greiða sér kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

I.

Með bréfi 19. nóvember 1996 til sýslumannsins í Búðardal bar varnaraðili fyrrgreinda ákvörðun undir Héraðsdóm Vesturlands, sbr. 4. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga, eins og greininni var breytt með áður nefndum lögum. Sýslumaður tilkynnti sóknaraðila um þetta með bréfi 21. nóvember 1996.

Af þessu tilefni ritaði lögmaður sóknaraðila héraðsdóminum bréf 17. desember 1996, þar sem sagði eftirfarandi: „Með vísan til bréfs sýslumannsins í Búðardal til undirritaðs . . . vil ég fyrir hönd umbj. míns, Saurbæjarhrepps, vekja athygli á því, að úrlausn þinglýsingar-

stjóra skapar hvorki rétt fyrir umbj. minn né hefur í för með sér efnislega úrlausn um réttindi afsalshafa andspænis umbj. mínum skv. jarðalögum nr. 65/1976. Allt að einu leyfi ég mér að vekja athygli yðar, hr. héraðsdómari, á 6. gr. jarðalaga nr. 65/1976, sem hefur að geyma fortakslaust skilyrði um, að sveitarstjórn skuli formlega tilkynnt aðilaskipti og boðið að neyta forkaupsréttar skv. 30. gr., áður en skjali verði þinglýst.“

Að öðru leyti en að framan greinir liggja ekki gögn fyrir Hæstarétti um afskipti sóknaraðila af rekstri málsins í héraði. Í tilvitnuðu bréfi hans voru engar dómkröfur gerðar í málinu. Þegar af þeirri ástæðu verður sóknaraðili ekki talinn hafa látið málið til sín taka fyrir héraðsdómi.

II.

Samkvæmt fyrri málslíð 5. mgr. 3. gr. þinglýsingalaga, sbr. 1. gr. laga nr. 6/1992, má kæra úrskurð héraðsdómara um úrlausn sýslumanns um þinglýsingu til Hæstaréttar samkvæmt almennum reglum um kæru í einkamáli. Hliðstæð ákvæði í öðrum lögum hafa verið skilin svo, að í þeim felist, að málsaðila, sem sækir ekki þing fyrir héraðsdómi, sé óheimil kæra efnisúrlausnar vegna meginreglu 4. mgr. 96. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. meðal annars dóm Hæstaréttar 9. desember 1992 í máli nr. 427 á því ári. Þar sem sóknaraðili lét samkvæmt framansögðu málið ekki til sín taka fyrir héraðsdómi, verður að telja honum óheimilt að kæra úrskurð héraðsdómara. Verður málinu því vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Sóknaraðili verður dæmdur til að greiða varnaraðila kærumálskostnað, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Saurbæjarhreppur, greiði varnaraðila, Stofn-lánadeild landbúnaðarins, 40.000 krónur í kærumálskostnað.